



Ályktun um atvinnumál

5. reglulega þing Starfsgreinasambands Íslands haldið í Reykjavík 14. og 15. október 2015 lýsir yfir þungum áhyggjum af auknu umfangi svartrar atvinnustarfsemi og félagslegra undirboða á Íslandi. Vandamál þessi birtast m.a. með óheilbrigðu atvinnulífi þar sem heiðarlegum aðilum er gert erfitt um vik með samkeppni við óprúttna aðila sem óhikað telja það í lagi að ganga á lágmarksréttindi launafólks í því einu skyni að auka hagnað sinn. Atvinnulíf á Íslandi, þá sérstaklega ferðapjónusta, á ekki að byggjast upp á skammtímahugsun, félagslegum undirboðum og ósjálfbærum ofsagróðavonum. Þessum málaflokki hefur verið illa sinnt og pólitískar ákvarðanir teknar um að veikja stofnanir sem telja sig ekki geta sinnt lögbundnum skyldum sínum. Því eru stjórnvöld ekki undanskilin ábyrgð á ríkjandi ástandi.

5. þing SGS telur að blómlegt atvinnulíf byggist á fjölbreyttum störfum um land allt. Mikilvægt er að verðmæt störf verði til sem víðast til að tryggja atvinnuöryggi. Brýnt er að efla innviði á borð við samgöngur, raforku og fjarskipti til þess að jöfn tækifæri til atvinnusköpunar séu um allt land. Jafnframt er brýnt að atvinnuuppbygging sé í sátt við samfélag og umhverfi.

Með vísan í framangreint leggur þing SGS áherslur á að:

- Fjárfest verði í innviðum atvinnulífs og nýsköpun til að tryggja fjölbreytt störf um land allt.
- Tryggja stöðugleika fyrir launafólk og atvinnulíf.
- Stórbæta starfsmenntun í ferðapjónustu og viðurkenna að menntun sé atvinnumál.
- Berjast gegn svartri atvinnustarfsemi og félagslegum undirboðum en þar hafa stjórnvöld brugðist.
- Auka fræðslu um réttindi og skyldur til jaðarhópa á vinnumarkaði t.d. gagnvart erlendum ríkisborgurum og ungu fólki.
- Efla eftirlit með starfsmannaleigum og erlendum fyrirtækjum sem koma hingað til lands til að veita þjónustu.
- Stórbæta regluverk til að sporna gegn kennitölulakki.
- Auka virðingu fyrir launafólki, bæta aðbúnað og huga að velferð á vinnustöðum.